Nd. **75. Frumvarp**

til laga um skatt til sveitarsjóðs af lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi.

Flutningsmenn: Ingólfur Bjarnarson og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Af öllum útmældum eða afmörkuðum lóðum og lendum í Húsavíkurhreppi, sem ekki eru eign hins opinbera, skal greiða árlegt gjald í hreppssjóð, sem nefnist lóðargjald.

Hreppsnefndin ákveður upphæð lóðargjaldsins til eins eða fleiri ára í senn. Þó má ekki ákveða gjaldið lægra en 1% og ekki hærra en 2% af virðingarverði bygðra og óbygðra lóða, og ekki lægra en ½% nje hærra en 1% af virðingarverði túna, erfðafestulanda og matjurtagarða. Gjaldið má aldrei vera minna en 5 — fimm — krónur.

Lóðargjaldið greiðist af verði því, sem lóðir eða lendur eru metnar af lögskipaðri fasteignamatsnefnd, sbr. lög nr. 22, 3. nóv. 1915, án tillits til mannvirkja, sem á þeim eru gerð. — Ef lóðir eru mældar út af nýju, milli þess sem reglulegt fasteignamat fer fram, skal verð þeirra ákveðið til bráðabirgða af jarðeignanefnd Húsavíkurhrepps, samkvæmt gildandi lögum um fasteignamat. — Þar sem lóðir, lendur og mannvirki eru metin saman, ákveður byggingarnefnd og jarðeignanefnd, hve mikið af verðinu er í mannvirkjum, og hve mikils virði lóð eða lenda er talin út af fyrir sig, en gerðir nefndanna skulu samþyktar af hreppsnefnd.

2. gr.

Jarðeignanefnd Húsavíkurhrepps skal skipuð þremur mönnum, sem hreppsnefnd kýs til þriggja ára í senn, í fyrsta skifti strax eftir að lög þessi

öðlast gildi. Skal nefndin hafa umsjón og eftirlit með jarðeignum hreppsins, eftir nánari fyrirmælum hreppsnefndar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð

felst í brjefi því, er hjer fer á eftir.

**Fylgiskjal.**

Árið 1912 var Húsavíkurhreppi hinum forna skift í tvö sveitarfjelög, sem heita Húsavíkurhreppur og Tjörneshreppur. Stærð Húsavíkurhrepps er landeign jarðarinnar Húsavíkur með Þorvaldsstöðum. Var jörðin kirkjueign (og landssjóðseign) þar til árið 1913, að Húsavíkurhreppur hinn nýi keypti jörðina af landssjóði fyrir 25 þúsund krónur, samkvæmt kaupbrjefi og afsali, dags. 12. apríl 1913.

Kauptúnið Húsavík var að miklu leyti fullbygt, svo sem það er nú, þegar kaup þessi fóru fram. Ræktanlegt land í kauptúninu var þá þegar að mestu selt á leigu. Grunnlóðir og ræktunarlóðir hafði presturinn í Húsavíkurprestakalli leigt út með samningum, er stiftsyfirvöld landsins höfðu staðfest. Þegar Húsavíkurhreppur eignaðist jörðina, voru því rjettindin til afnota af landi hennar að mestu bundin með þessum samningum. En lóðagjöldin voru svo lág, að lóðatekjur jarðarinnar reyndust nú næsta rýrar, í hlutfalli við kaupverð jarðarinnar og kostnað við ýmsar athafnir í þarfir kauptúnsins og jarðarinnar. Almenn leiga fyrir 1300—1600 □ álna grunnlóðir var 2—4 krónur, og fyrir dagsláttu ræktunarlóðar um 2—4 krónur. Og vitanlega standa tekjur þessar í stað, þótt verðgildi peninga breytist og kostnaður hreppsins við almennar framkvæmdir.

Hins vegar hafa þarfir hreppsins stöðugt farið vaxandi síðan hann varð eigandi jarðarinnar. Til þess að fullnægja þessum kröfum, hefir því orðið að hækka útsvör á hreppsbúa. Fólksfjöldi í hreppnum hefir að mestu staðið í stað síðan jörðin var keypt, um 600 manns. En 1913 voru aukaútsvör í Húsavíkurhreppi kr. 4623,00, en 1920 voru þau kr. 13830,00, og hafa þannig þrefaldast á 7 árum. En árið 1920 voru lóðatekjurnar sem hjer segir:

1. Grunnlóðagjöld . . . . . kr. 535,75
2. Ræktunarlóðagjöld . . . . . — 1152,00 = kr. 1687,75.

Aukaútsvör eru jafnan óvinsæl gjöld og álitin handahófsverk að meira eða minna leyti. Og því hærri sem þessi gjaldabyrði er, því tilfinnanlegra verður það gjaldendum, ef út af ber rjettu mati um efni og ástæður gjaldþegna. Þess vegna fjölgar þeim röddum, sem krefjast þess, að fundnir sjeu aðrir og ábyggilegri tekjustofnar. Meðal annars er bent á lóðirnar sem tekjustofn, og að skatt skuli á þær leggja sem hundraðsgjald af virðingarverði þeirra.

Óg því brýnni þörf verður á slíku í bæjum og kauptúnum, þar sem verslun samvinnufjelaga er að mestu leyst undan gjaldskyldu til bæjar- og sveitarsjóðs á sama grundvelli sem annara gjaldþegna. En slík fjelög hafa víða dýrar og miklar lóðir til afnota við starfsrekstur sinn, enda virðist gert ráð fyrir því, að slíkur skattur verði á lagður, sbr. lög um samvinnufjelög, frá 1921, 38. gr. 1. tölul.

Af framantöldum ástæðum — og með skírskotun til þess, að almennur lóðaskattur er þegar ákveðinn með lögum í Seyðisfjarðarkaupstað og á Akureyri, leyfir hreppsnefnd Húsavíkurhrepps sjer að leggja fyrir hið háa Alþingi 1922 frumvarp til laga um skatt til sveitarsjóðs af lóðum í Húsavikurhreppi.

Húsavík, 15. febr. 1922.

Í umboði hreppsnefndarinnar í Húsavikurhreppi.

Júl. Havsteen. Ben. Björnsson. Benedikt Jónsson.